

Atvinnulíf í heimabyggð – vettvangsheimsókn

Verkefni þitt er að kynna þér atvinnustarfsemi í heimabyggð þinni. Notaðu fyrirtækjaskrá eða gulu síðurnar í símaskránni og á www.ja.is til að fá upplýsingar um hvaða fyrirtæki starfa í nágrenni við þig. Athugaðu hvort vinnustaðurinn sem þú hefur áhuga á geti tekið á móti þér. Ræddu við kennarann þinn um nánari tilhögun. Vertu búin(n) að athuga hvaða spurningum þú vilt fá svör við. Þú þarft að nota svörin í skýrslu um heimsóknina. Hér eru tillögur að spurningum.

- Hvert er fyrirtækið/stofnunin?
- Hver er aðalstarfsemi fyrirtækisins/stofnunarinnar?
- Hvaða störf eru unnin í þessu fyrirtæki/stofnun?
- Hvaða færni þarf að búa yfir til að geta unnið þessi störf?
- Hvaða nám er að baki þessum störfum?
- Mundu svo að fá undirskrift þess sem tók á móti þér!

1. Punktaðu hjá þér svör við spurningum.
2. Skráðu líka hjá þér það sem fyrir augu ber.
3. Taktu saman skýrslu um heimsóknina sem þú notar þegar þú gerir bekkjarfélögum grein fyrir heimsókninni, munnlega eða með glærum.
4. Mundu að geyma skýrsluna í möppunni þinni.

